

7. mál aukakirkjuþings 2021  
Flutt af forsætisnefnd kirkjuþings.

### **Þingsályktun um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar**

Aukakirkjuþing 2021 samþykkir að yfirstjórn þjóðkirkjunnar verði skipt upp í tvö ábyrgðarsvið sem munu starfa náið saman.


Biskup Íslands gætir einingar kirkjunnar og hefur tilsjón með kristnihaldi, kenningu kirkjunnar og vígðri þjónustu og ber ábyrgð á öllu því er lýtur að þessari grunnþjónustu þjóðkirkjunnar ásamt viðeigandi miðlægri starfsemi og stoðþjónustu sem tengist þeirri þjónustu.

Kirkjuþing kýs framkvæmdanefnd úr röðum kirkjuþingsfulltrúa sem hefur í umboði kirkjuþings eftirlit með fjárhag og rekstri þjóðkirkjunnar og fylgir eftir ákvörðunum og áætlunum samþykktum af kirkjuþingi. Í framkvæmdanefnd skulu vera þrír nefndarmenn, tveir úr hópi óvígðra og einn úr hópi vígðra. Varamenn skulu vera jafn margir í sömu hlutföllum. Aðal- og varamenn skulu kosnir af kirkjuþingi til árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

Starfræktskalrekstrarskrifstofaþjóðkirkjunnar í umboði kirkjuþings. Framkvæmdastjóri rekstrarskrifstofu þjóðkirkjunnar, ráðinn af framkvæmdanefnd í umboði kirkjuþings, heyrir undir nefndina og fylgir eftir lögbundnu hlutverki kirkjuþings að því er varðar fjárstjórn, stefnumótun í rekstri og áætlanagerð. Rekstrarskrifstofa sinnir jafnframt allri almennri þjónustu við yfirstjórn þjóðkirkjunnar sem og við starfseiningar á ábyrgðarsviði biskups, eftir því sem við á í samræmi við þau verkefni og sérfræðipækkingu sem er innan vébanda skrifstofunnar.

Nýtt skipulag ásamt skipuriti þjóðkirkjunnar tekur gildi 1. janúar 2022.

Skipan þessari er lýst í meðfylgjandi skipuriti:



**Samþykkt á kirkjuþingi 4. október 2021.**